

Tillaga lögð fram á aðalfundi fulltrúaráðs Sólheima 25. apríl 2015.

STARFSREGLUR
fyrir
FULLTRÚARÁÐ SÓLHEIMA ses.

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli skipulagsskrár Sólheima ses. og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

1. gr.

Fulltrúaráð Sólheima ses. er skipað 17 fulltrúum sem kosnir eru í ráðið á aðalfundi fulltrúaráðsins ár hvert til fjögurra ára og ræðst fjöldi þeirra sem kosinn er hverju sinni af því hversu kjörtímabil margra fulltrúaráðsmanna er á enda það árið, sbr. nánar 5. gr. skipulagsskrár Sólheima.

2.

Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í málefnum Sólheima. Fulltrúaráðið skal fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri ráða málum hennar, þ.m.t. fjármálum, og að störf hennar samræmist vel þeim markmiðum og hefðum sem stofnunin grundvallast á.

Fulltrúaráðið fylgist með störfum framkvæmdastjórnar m.a. með því að fá sendar reglulega fundargerðir funda stjórnarinnar.

Fulltrúaráðið kýs ennfremur tvo skoðunarmenn sem fara yfir ársreikning stofnunarinnar með löggiltum endurskoðanda hennar og leita skýringa ef þeir sjá ástæðu til, sbr. 9. gr. skipulagsskrár Sólheima.

Allar meiriháttar ákvarðanir sem varða rekstur stofnunarinnar skal framkvæmdastjórn leggja fyrir fulltrúaráðið.

3. gr.

Um almennt og sérstakt hæfi fulltrúaráðsmanns skal far eftir ákvæðum laga nr. 33/1999, sbr. einkum 15. gr. og 19. gr. laganna.

Fulltrúaráðsmaður má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann eða einstaklingur eða lögaðili honum tengdur hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni stofnunarinnar.

Fulltrúaráðsmaður skal tilkynna öðrum fulltrúaráðsmönnum fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfi hans eða gætu gefið tilefni til að draga hæfi hans í efa.

Fulltrúaráðsmaður er bundinn þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í störfum sínum fyrir stofnunina og leynt á að fara samkvæmt ákvörðun ráðsins, lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að fulltrúaráðsmaður lætur af störfum.

4. gr.

Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda fyrir lok maí ár hvert þar sem fram fara aðalfundarstörf í samræmi við ákvæði 7. gr. skipulagsskrár Sólheima.

Aukafundi ráðsins skal halda eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar eða samkvæmt skriflegri ósk 5 fulltrúaráðsmanna eða fleiri þar sem fundarefni er tilgreint og skal þá boða aukafund innan 2ja vikna.

Framkvæmdastjórn boðar til funda fulltrúaráðsins með bréfi eða símskeyti eða á annan tryggan hátt, þ.m.t. með tölvupósti. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Á aukafundi er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að fjalla um og afgreiða sömu mál og falla undir dagskrá aðalfundar samkvæmt skipulagsskrá.

Fulltrúaráðið setur sér það markmið að auk árlegs aðalfundar komi það saman til aukafundar að hausti ár hvert til að fara yfir stöðu mála almennt og til afgreiðslu sérstakra mála liggi þau fyrir. Framkvæmdastjórn skal hafa frumkvæði að því að til haustfundar sé boðað.

Hver fulltrúaráðsmaður fer með eitt atkvæði á fundum ráðsins og meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu mála. Fulltrúaráðsmaður getur ekki veitt öðrum umboð til að sækja fulltrúaráðsfund fyrir sína hönd.

5. gr.

Formaður framkvæmdastjórnar, eða varaformaður í fjarveru hans, setur aðalfund í fulltrúaráðinu, en fundurinn kýs síðan fundarstjóra og fundarritara.

Aukafundum í fulltrúaráðinu stýrir formaður framkvæmdastjórnar, eða varaformaður í fjarveru hans, nema fundurinn ákveði að kjósa fundarstjóra sérstaklega. Kjósa skal fundarritara.

Um það sem gerist á fundum fulltrúaráðsins skal haldin gerðabók.

Formaður framkvæmdastjórnar, eða varaformaður í fjarveru hans, kemur fram út á við fyrir hönd fulltrúaráðsins. Framkvæmdastjórn getur þó falið fulltrúaráðsmanni, einum eða fleirum saman, að koma fram fyrir hönd fulltrúaráðsins í einstökum málum er varða stofnunina.

6. gr.

Fulltrúaráðið getur falið einum fulltrúaráðsmanni eða fleirum saman að vinna að tilteknu verkefni fyrir ráðið. Með sama hætti getur framkvæmdastjórn Sólheima leitað til eins eða fleiri fulltrúaráðsmanna til hins sama án þess að ráðið sé sérstaklega boðað til fundar þess vegna.

Verkefni samkvæmt framangreindu skal skilgreina eftir því sem kostur er og jafnframt setja verkefninu tímaramma til vinnslu.

Halda skal fulltrúaráðið upplýstu um slík verkefni og framgang þeirra.

7. gr.

Starfsreglum þessum verður aðeins breytt með samþykki meirihluta fulltrúaráðsmanna eftir kynningu og umfjöllun á fulltrúaráðsfundi.

Nýjum fulltrúaráðsmönnum skulu kynntar starfsreglur þessar.

Starfsreglur þessar fyrir fulltrúaráð Sólheima ses. voru lagðar fram og samþykktar á aðalfundi ráðsins þann 25. apríl 2015.